

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1332
komudagur 15.4. 2005



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

14. apríl 2005

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám verðtryggingar af fjárskuldbindingum, 182. mál.


Tillagan miðar að stofnun nefndar sem leggi mat á afnám verðtryggingar fjárskuldbindinga í áföngum.

Samtök atvinnulífsins telja stöðugleika og lága verðbólgu vera brýnasta hagsmunamál bæði skuldara og lánveitenda. Það er besta verðtrygging fjárskuldbindinga. Afstaða samtakanna er að bann gegn verðtryggingu fjárskuldbindinga, þ.e. bann gegn fjálsamningum manna á milli um notkun tiltekinnna skilmála, sé óeðlilegar hömlur á samningsfrelsi.

Mikil útbreiðsla verðtryggingar fjárskuldbindinga hér á landi á sér sögulegar rætur í mikilli og sveiflukenndri verðbólgu. Verðtryggingin hefur verið mikilvægt öryggistæki sem stuðlað hefur að auknum sparnaði og meira framboði lánsfjár og þar með lægri vöxtum en ella. Kostir verðtryggingarinnar samanborið við óverðtryggð kjör eru einkum þeir að óvissu um framtíðar verðbólgu er eytt og þar með það álag sem óverðtryggðir vextir fela í sér vegna framtíðar óvissu. Það er mikilvægt að opinber íhlutun verði ekki til þess að ýta undir öryggisleysi og óstöðugleika á fjármálamarkaði sem minnkaði á honum traust.

Samtök atvinnulífsins eru af ofangreindum ástæðum andvíg umræddri tillögu.

Virðingarfyllst,


Hannes G. Sigurðsson

Aðsetur:
Borgartún 35
105 Reykjavík

Sími:
591 00 00

Bréfsími:
591 00 50

Netfang:
sa@sa.is

Veffang:
www.sa.is

